



Utanríkismálanefnd Alþingis
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. desember 2018
Tilvísun: HI18120083/0.3

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023, 345. mál

Háskóla Íslands hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga. Meðfylgjandi er umsögn Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands um tillöguna.

Virðingarfyllst

Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Reykjavík 12. desember 2018

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019 – 2023.
Umsögn Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands**

Fh Félagsvísindasviðs þakkar undirritaður fyrir tækifæri til að koma með umsögn um ofangreint frumvarp og vill leggja áherslu á eftirfarandi.

Þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar stjórnvalda um að stefnt skuli að því að framlög Íslands til þróunarsamvinnu verði 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu (VÞF) er enn langt í að svo verði. Það er þó jákvætt að stefnt sé að því að framlögin verði 0,35% af VÞF árið 2022. Nú liggur fyrir að rúmlega þriðjungur af því fjármagni sem fer í málaflokkinn (það er, 0,28% af VÞF) er notað til móttöku flóttafólks hér á Íslandi. Þó það sé mikilvægt að þessum hópi einstaklinga sem leitar skjóls og betra lífs á Íslandi sé sinnt vel, er mikilvægt að þessum tveimur útgjaldaliðum sé haldið aðskildum. Það er engin krafa um það af hálfu DAC að slíkan kostnað EIGI að reikna á þennan hátt, heldur MÁ reikna hann þannig að álkveðnum skilyrðum uppfylltum og þá eingöngu í takmarkaðan tíma.

Í þingsályktuninni kemur fram að þróunarsamvinna Íslendinga eigi að beinast til fátækustu þjóða heims og er það vel og í samræmi við það markmið að 0,20% af VÞF fari til fátækustu landa heims. Í því sambandi vill Félagsvísindasvið leggja sérstaka áherslu á að félagslegar áherslur í tvíhliða samstarfi verði eflar enn frekar en nú er, meðal annars í þeim anda sem gert er í svæðasamstarfi í Malaví og Úganda. Mikilvægt er að þróunaraðstoð Íslendinga nýtist beint þar sem hennar er mest þörf í daglegu lífi fátæks fólks, til dæmis með bættu aðgangi að mæðravernd, fæðingarþjónustu, aðstoð við nýbura, börn og unglíng, skóla og bættu aðgengi að vatni og hreinlæti, í samræmi við áherslur Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiðanna. Samstarf á þeim grunni styður við konur og jafnrétti kynjanna og við þau almennu mannréttindi að fá tækifæri til að lifa og dafna við góða heilsu og njóta góðrar grunnmenntunar. Í því samhengi væri æskilegt að þjóða háskólasamfélaginu til samstarfs um framkvæmd slíkra verkefna og skapa þannig vettvang fyrir lifandi samstarf háskóla á Íslandi við háskóla í samstarfslöndum Íslands.

Félagsvísindasvið vill leggja áherslu á mikilvægi þess að háskólar dafni og eflist í fátækum löndum, meðal annars í samstarfi við Háskóla Íslands. Í áætluninni er upplýst um að endurskoðun muni eiga sér stað á stöðu Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Þrátt fyrir um margt gott og metnaðarfullt starf á liðnum áratugum er landslagið breytt og skólarnir uppfylla ekki í dag skilyrði til að starfa sem slíkir. Það er meðal annars vegna stefnu íslensku skólanna á menntun nemenda hér á landi og minni samvinnu en æskilegt væri við háskóla í heimalandinu (s.k. tvíning). Hafa úttektaráðilar DAC vakið athygli á þessu. Við fyrirhugaða endurskoðun á starfi skólanna vill Félagsvísindasvið leggja áherslu á að unnið verði að því að háskólasamstarf verði meira á samstarfsgrunni við háskóla í samstarfslöndunum en gert er í núverandi fyrirkomulagi með móttöku nemenda sem hafa minni snertiflöt við íslenskt háskólasamfélag en æskilegt væri og möguleiki væri á. Það gæti einnig orðið vettvangur fyrir skapandi rannsóknarsamstarf á milli samstarfslanda Íslands og háskóla á Íslandi.

Í þróunarsamvinnuáætluninni er lögð áhersla á samvinnu íslensks atvinnulífs við þróunarlönd. Félagsvísindasvið vill leggja áherslu á mikilvægi þess að slíku þróunarsamstarfi sé beint til fátækustu landa heims, í samræmi við áherslu áætlunarinnar, en ekki einskorðað við lönd þar sem stjórnsýsla er almennt metin góð og skilvirk og þar sem Ísland hefur sendiráð. Það er einmitt á vettvangi fátækustu landanna sem þróunarsamvinna með þessum formerkjum gerir mest gagn.

Virðingarfyllt,
Fh Félagsvísindasviðs

Daði Már Kristófersson
Sviðsforseti